

KIRKJUGARÐARÁÐ

66. fundur haldinn 10. nóvember 2008 í nýja starfsmannahúsinu í Gufuneskirkjugarði.

Mætt voru: Þorvaldur Karl Helgason biskupsritari sem stýrði fundi. Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarðaráðs, Þórsteinn Ragnarsson forstjóri KGRP, fulltrúi Kirkjugarðasambands Íslands, Smári Sigurðsson fulltrúi Kirkjubings, og Kristín Huld Sigurðardóttir fulltrúi Fornleifaverndar ríkisins sem ritaði fundargerð. Einnig sat fundinn Sigurgeir Skúlason verkefnastjóri Kirkjugarðaráðs.

Gestir: Gestir fundarins voru arkitektar frá Landmótun: Þórhildur Þórhallsdóttir og Einar Birgisson sem hönnuðu kirkjugarðinn í Gufunesi og Hólmsfríður Jónsdóttir arkitekt hjá Arkibúllunni.

1. Setning fundar

Fundur settur og fundargerð tveggja síðustu funda lögð fram. Fundargerðir voru samþykktar eftir litlar breytingar.

2. Kynning á fyrirhuguðum kirkjugarði í Úlfarsfelli

Þórhildur og Einar kynntu kirkjugarðinn sem mun byggja á þróun miðaldabæja. Kirkjugarðurinn, sem er þróaður eins og hringur, mun skipast í miðjusvæði og svæði sem munu síðan þróast út frá miðjunni. Hægt verður að gæða hvert svæði fyrir sig sínum séreinkennum. Utan um innsta hluta garðsins verður hringlaga veggur og mön og nokkru utan við hann hringlaga vegur með bílastæðum við stíga sem liggja inn í garðinn.

Þórsteinn gerir ráð fyrir að farið verði að grafa í garðinum um 2015-2018. Hann verður að mestu kistukirkjugarður, en einnig er ráðgert að hafa þar duftsvæði. Kristín Huld kannar hvort fornleifar eru á svæðinu og lætur Þórstein vita hvort þarf að gera ráðstafanir varðandi þær.

Kirkjugarðaráð lýsti yfir ánægju með hönnunina.

3. Hugmyndir að framtíðaruppbyggingu í Hallsholti

Hólmsfríður Jónsdóttir arkitekt gerði grein fyrir hugsuninni bak við þróun hússins í Hallsholti og væntanlegum framkvæmdum. Hún nefndi að ákveðið hefði verið að nota grágrýtið af svæðinu við hönnunina. Olga Bergmann og Anna Hallin gerðu listaverkið inni í fundarherberginu og á það að vísa til grágrýtisins á svæðinu.

Myndlistarmennirnir voru með í ráðum í vinningstillögunni og tóku þátt í verkinu frá upphafi. Þær völdu myndir og liti. Litirnir voru valdir úr náttúrunni á svæðinu. Þær munu velja liti og hanna listaverk í þeim áföngum sem eftir eru.

Áætlaðir eru fimm áfangar. Fyrsti áfangi var starfsmannahúsið og bílahús, annar verður líkhús, sá þriðji verður athafnarými (kirkja bænhus, aðstaða fyrir prest, kór

etc), fjórði bálstofa og fimmti erfisdrykkjuhús. Verið er að ljúka hönnun á 2. og 3. áfanga og gera hann tilbúinn til útboðs. Vatn verður tengiliður milli næstu áfanga. Byggingin var valin í tímaritið The Phaidon Atlas yfir bestu byggingar 21. aldar.

Þórsteinn nefndi að framtíðin væri óviss vegna fjármögnunar. Ætlunin var að fá ríkið með í verkið en óvíst hvernig framhaldið verður. Búið er að setja 300 milljónir í verkið. Það er gert ráð fyrir að í verkið fari 1,5 til 2 milljarðar fyrir utan erfisdrykkjuhúsið.

Kirkjugarðaráð lýsti yfir ánægju sinni með bygginguna og fyrirhugaðar framkvæmdir.

4. Næsti fundur.

Á Biskupsstofu 8. des kl. 16.00.

5. Önnur mál

Smári og Guðmundur Rafn sögðu frá fundi sínum á Klaustri. Fundurinn beindist að aðilum úr Rangárvalla- og Skaftafellsprófastsdæmum. Hann var mjög fjölsóttur og góður. KGSÍ kynnti hugmyndir sínar um að koma kirkjugarðsstjórnnum á færri hendur, en undirtektir varðandi það voru dræmari en sambandið hafði vonast eftir.

Fundi slitið 15:30.

Þorvaldur Karl Helgason,
f.h. formanns

Kristín Huld Sigurðardóttir,
ritari